

Borgarráð

Tillaga um ráðningu sviðsstjóra velferðarsviðs

Lagt er til að borgarráð samþykki að Regína Ásvaldsdóttir verði ráðin í starf sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Með auglýsingu þann 7. janúar sl. í Fréttablaðinu, á vef Reykjavíkurborgar og vef Intellecta var auglýst laust til umsóknar starf sviðsstjóra velferðarsviðs og var umsóknarfrestur til 23. janúar sl.

Í auglýsingu um stöðuna voru eftirtaldar hæfniskröfur tilgreindar:

- Háskólamenntun og meistaraþróf sem nýtist í starfi
- Leiðtogaþæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla ásamt reynslu af því að leiða breytingar
- Þekking og reynsla af rekstri, þjónustustarfsemi og opinberri stjórnsýslu
- Víðtæk þekking og reynsla af velferðarmálum
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku, kunnátta í norrænu máli er kostur

Alls bárust ellefu umsóknir, en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka áður en nafnalisti umsækjenda var gerður opinber. Úrvinnsla fór því fram á tíu umsóknum.

Umsækjendur voru:

- Andreas Örn Aðalsteinsson, þjónustufulltrúi
- Auður Herdís Sigurðardóttir, félagsmálastjóri
- Ellý A. Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar
- Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðingur
- Hulda Dóra Styrnisdóttir, ráðgjafi
- Kristján Sturluson, félagsráðgjafi og sálfræðingur
- Matthildur Ámundardóttir, framkvæmdastjóri
- Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

- Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands
- Valgerður Bjarnadóttir, fv. alþingismaður

Ráðgjafar Intellecta höfðu umsjón með ráðningarferlinu. Áður en umsóknarfrestur rann út var skipuð valnefnd vegna ráðningarinnar. Í valnefnd voru Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar og Ari Eyberg ráðgjafi hjá Intellecta. Auk þess tók Auður Björgvinsdóttir mannauðsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg þátt í úrvinnslunni.

Ráðningarnefndin gerði drög að matsramma fyrir fyrsta mat á umsóknum og ráðningarferlið í heild sinni, áður en umsóknarfrestur rann út. Matið er byggt upp á þeim viðmiðum sem sett eru fram í auglýsingu um starfið. Í samráði við ráðningarnefnd setti ráðgjafi Intellecta upp spurningaramma fyrir staðlað og hegðunartengt forviðtal þar sem spurningar voru tengdar við hæfniskröfur.

Ráðningarnefnd mat umsóknir út frá þeim hæfniskröfum sem tilgreindar voru í auglýsingu og lagðar eru til grundvallar fyrir veitingu stöðunnar. Var það niðurstaða ráðningarnefndar að átta umsækjendur uppfylltu best hlutlægar menntunar- og reynslukröfur, en samkvæmt umsóknum og gögnum umsækjenda bjuggu þeir yfir menntun og reynslu sem nýtist í starfi sviðsstjóra velferðarsviðs, sem og þekkingu og reynslu af velferðarmálum, rekstri og stjórnun.

Í framhaldinu voru umsækjendurnir 8 boðaðir í viðtöl til Intellecta, einn umsækjandi Ellý Alda Þorsteinsdóttir, dró umsókn til baka áður en til viðtala kom. Viðtölin fóru fram dagana 30. janúar til 1. febrúar í húsakynnum Intellecta. Ari Eyberg og Ragnhildur Ísaksdóttir tóku viðtöl við eftirtalda umsækjendur:

- Auður Herdís Sigurðardóttir
- Guðjón Sigurbjartsson
- Hulda Dóra Styrmissdóttir
- Kristján Sturluson
- Regína Ásvaldsóttir
- Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir
- Valgerður Bjarnadóttir

Viðtöl voru í heild sinni skipulögð sem formföst viðtöl en í því felst að umsækjendur fengu sömu spurningar. Þessi aðferð gefur betri möguleika á því að meta með hlutlægum hætti svör og viðbrögð umsækjenda. Í viðtölum var umsækjanda gefinn kostur á því að segja nánar frá sjálfum sér og skýra nánar atriði í umsókn sem annað hvort spyrjendur eða viðmælandi vildi gefa nánari skýringar á. Þess utan var spurt nánar um hæfni umsækjenda út frá kröfum til starfsins.

Að viðtölum loknum voru fjórir umsækjendur metnir hæfastir og voru þeir kallaðir í framhaldsviðtöl. Viðtölin sátu borgarstjóri, starfsmannastjóri, ráðgjafi Intellecta og mannauðsráðgjafi frá Reykjavíkurborg. Viðtölin fóru fram í Ráðhúsinu 6. febrúar 2016. Þeir sem voru kallaðir í framhaldsviðtöl voru eftirtaldir:

- Hulda Dóra Styrmissdóttir
- Kristján Sturluson
- Regína Ásvaldsóttir
- Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir

Viðtölin fóru þannig fram að umsækjendur kynntu sína úrvinnslu á verkefni sem þeir höfðu fengið sent þremur dögum áður. Kynningin var þrjúþætt og höfðu umsækjendur frjálssar hendur um framsetningu hennar. Efni kynningarinnar var eftirfarandi:

- *Lýstu því hvernig þú nálgast verkefnið „að byggja upp velferðarþjónustu“.* Segðu m.a frá því hvernig þú munt leggja línurnar varðandi samstarf við þjónustumiðstöðvar og önnur svið borgarinnar, og uppbyggingu sameiginlegrar stefnu allra innan velferðarþjónustunnar.
- *Lýstu í stuttu máli stjórnunaraðferðum þínum og hvernig þú nálgast viðfangsefni velferðarþjónustu út frá þeim aðferðum. Nefndu dæmi um stjórnunaraðferðir í fyrri störfum.*
- *Hverjar eru áherslur þínar í rekstri og hver er fagleg nálgun þín í uppbyggingu velferðarþjónustu.*

Auk þess voru lagðar fyrir spurningar sem ráðgjafi Intellecta leiddi. Ráðgjafi Intellecta og mannauðsráðgjafi frá Reykjavíkurborg skráðu viðtölin. Viðtölin byrjuðu á kynningu umsækjendanna og í framhaldinu voru spurðar spurningar, byggðar á þeim hæfniskröfum sem settar voru fram í auglýsingunni. Þegar viðtölum og kynningum var lokið voru niðurstöðurnar ræddar.

Það var samdóma álit þeirra sem fóru yfir umsóknir og tóku viðtöl við umsækjendur að Regína Ásvaldsdóttir uppfyllti best umsækjenda þær kröfur sem gerðar eru til starfs sviðsstjóra og fram komu í auglýsingu um starfið. Hún sýndi afburða góðan skilning á viðfangsefni kynningarinnar, sýndi fram á leiðir til að ná fram markmiðum auk þess sem framsetning hennar á efninu var skýr og skilmerkileg fram sett.

Umsagnir um Regínu undirstrika að hún býr yfir þeirri þekkingu, reynslu og eiginleikum sem leitað er eftir hjá sviðsstjóra velferðarsviðs. Henni er lýst sem metnaðarfullum leiðtoga sem búi yfir frumkvæði og framsýni og hefur notað þessa eiginleika í fyrri störfum.

Hér verður gerð grein fyrir hæfni Regínu Ásvaldsdóttur út frá þeim kröfum sem gerðar voru í auglýsingu:

Háskólapróf sem nýtist í starfi og meistaraþróf

Regína er félagsráðgjafi að mennt, með cand. mag gráðu í félagsráðgjöf og afbrotufræði frá Háskólanum í Osló og meistaranám í hagfræði með áherslu á breytingastjórnun og nýsköpun frá Háskólanum í Aberdeen. Þá hefur hún einnig framhaldsmenntun í opinberri stjórnslu og stjórnun.

Leiðtogahæfileikar, farsæla stjórnunarreynslu ásamt reynslu af því að leiða breytingar

Regína býr yfir leiðtogahæfileikum og hefur verið stjórnandi í rúmlega 20 ár. Hún býr yfir víðtækri reynslu af stjórnun, síðustu fjögur ár sem bæjarstjóri á Akranesi þar sem starfa

rúmlega 800 starfsmenn. Áður hafði Regína starfað sem stjórnandi hjá Festu og hjá Reykjavíkurborg. Regína hefur notast við fjölbreyttar aðferðir í stjórnun og hefur hlotið viðurkenningar á því sviði. Í daglegri stjórnun leggur Regína áherslu á að vera góð fyrirmynd, vera til staðar fyrir, hvetur fólk til þess að stíga einu skrefi lengri og fagnar áföngum. Hún hefur haldgóða reynslu af breytingastjórnun og má ætla að umfangsmesta breytingaverkefnið sem hún hefur stýrt hafi verið stofnun þjónustumiðstöðva í Reykjavík en hún hefur einnig stýrt uppbyggingu nýrrar starfsemi frá grunni, svo sem Miðgarði í Grafarvogi og Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð. Þá hefur hún reynslu af því að leið breytingar í hefðbundnari starfsemi, svo sem í starfi hennar sem bæjarstjóri á Akranesi.

Þekking og reynsla af rekstri, þjónustustarfsemi og opinberri stjórnsýslu

Regína hefur stýrt og borið ábyrgð á rekstri stofnana og málaflokka sem félagsmálastjóri, framkvæmdastjóri Miðgarðs, sviðsstjóri þjónustu- og rekstrarsviðs og sem bæjarstjóri. Í þessum störfum hefur hún borið ábyrgð á umfangsmiklum rekstri. Regína kveðst í störfum sínum leggja áherslu á reksturinn, segist fylgjast vel með honum og telur sig hafa góða yfirsýn. Hún hefur víðtæka þekkingu og reynslu af þjónustustarfsemi og hefur byggt upp slíka starfsemi með góðum árangri. Hún hefur langa reynslu af störfum í opinberri þjónustu, aðallega á vettvangi sveitarfélaga. Regína hefur góða þekkingu á opinberri stjórnsýslu, hún hefur lokið diplóma námi í opinberri stjórnsýslu og hefur víðtæka reynslu af störfum innan stjórnsýslunnar.

Þekking og reynsla af velferðarmálum

Regína hefur þekkingu og reynslu af velferðarmálum bæði úr námi og frá störfum sem félagsráðgjafi, forstöðumaður, félagsmálastjóri og sem framkvæmdastjóri Miðgarðs. Ennfremur hafa velferðarmál verið fyrirferðarmikill þáttur í starfi hennar sem bæjarstjóri og má þar nefna málefni fólks með fötlun. Regína leggur áherslu á að velferðarþjónusta við borgarbúa verði framúrskarandi með áttavita Reykjavíkurborgar í þjónustu að leiðarljósi. Jafnframt leggur hún áherslu á jafnræði og aðgengi að þjónustu.

Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu

Þekking og reynsla Regínu af stefnumótunarvinnu er metin mjög góð. Regína hefur fjölbreytta reynslu af stefnumótunarvinnu og komið að fjölmörgum verkefnum, bæði sem leiðtogi og þátttakandi. Þá hefur hún kennt stefnumótun og breytingastjórnun við Háskólann á Bifröst og Háskóla Íslands.

Hæfni í mannlegum samskiptum

Regína leggur áherslu á góð og hreinskiptin samskipti og á mjög gott með að vinna með ólíkum hópum fólks. Hún gerir sér far um að fá til liðs við sig fjölbreyttan hóp starfsmanna þar sem ólíkir styrkleikar fá að njóta sín.

Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Regína hefur sýnt mikinn metnað í störfum sínum og kappkostað að þær stofnanir sem hún hefur veitt forstöðu veiti fyrirtaks þjónustu en standist jafnframt rekstrarmarkmið. Til þess að það gangi upp hefur hún þurft að leita bestu fyrirmynda, móta framtíðarsýn í samvinnu við hagsmunaaðila og taka frumkvæði að breytingum.

Góð kunnáttu í íslensku, ensku og norrænu máli

Regína hefur góða íslenskukunnáttu, á gott með að tjá sig í ræðu og riti og hefur haldið ótal

kynningar og opinbera fyrirlestra. Hún hefur afar góð tök á norsku, eftir 8 ára dvöl í Noregi, og á öðrum norðurlandamálum og talar og skrifar góða ensku eftir nám í Skotlandi.

Dagur B. Eggertsson